

Áhugahópur um verndun Þjósárvera

Alþingi

Erindi nr. **Þ** 131/359
komudagur 2.12.2004

Skeiða- og Gnúpverjahreppi
1. desember 2004.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.

Áhugahópur um verndun Þjósárvera þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið.

Áhugahópur um verndun Þjósárvera er grasrótarhópur, baráttusamtök sem sem urðu til í fámennu sveitarfélagi með það eitt markmið að verja náttúruperluna, Þjósárver, sem liggur að stærstum hluta í því sveitarfélagi sem hópurinn á uppruna sinn í. Stofnendur hópsins voru einstaklingar sem áttu hagsmuna að gæta í Þjósárverum og gjörþekktu svæðið og sögu þess.

Hópurinn nýtur engra opinberra styrkja, er án allrar yfirbyggingar og allt starf hópsins er kostað af einstaklingunum sjálfum og unnið í þeirra frítíma. Hópurinn er öllum opin sem styðja markmiðið um verndum Þjósárvera og hafna öllum virkjunarframkvæmdum þar. Áhugahópurinn gefur ekki út ársskýrslu um starfsemina né hefur endurskoðað bókhald enda er fjársýsla nánast engin.

Frumvarp þetta um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum virðist sniðið með það í hyggju að útiloka aðkomu hópa eins og Áhugahóps um verndun Þjósárvera, að endanlegri skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og til málskotsréttar.

Stríðir það gegn markmiðum laganna sjálfra, sbr. 1. gr. c-lið, þar sem segir: „að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,”

og einnig d-lið, „að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.”


Það er nauðsynlegt að fella út úr frumvarpi þessu þær takmarkanir sem settar eru um aðkomu svokallaðra umhverfisverdnarsamtaka þ.e. að félagar skulu vera að lágmarki 50, gefa út ársskýrslu og hafa endurskoðað bókhald. Þetta ákvæði takmarkar tækifæri samtaka og almennings á Íslandi til að tjá sig og hafa áhrif þróun umhverfis síns og lögvarinn réttur borgara er skertur í lýðræðisþjóðfélagi.

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera

Til að tryggja jafnræði þegnanna ættu einstaklingar og samtök að geta leiðað aðstoðar hjá sérfróðum mönnum, bæði um efnisatriði og eins formsatriði í matsferlinu. Þörf er á sérstökum sjóði til að styðja við bakið á slíku starfi. Sem stendur er leikurinn ójafn. Almennigur og lítil samtök sem vilja gera athugasemdir við framkvæmdir og vernda náttúru og umhverfi gera það á eigin kostnað, í eigin frítíma. Andspænis þeim er framkvæmdaaðili sem eðli málsins samkvæmt hefur bæði fjármagn og mannafla til að koma stefnumálum sínum áfram.

Virðingarfyllst,
f.h. Áhugahóps um verndun Þjórsárvera


Halla Guðmundsdóttir


Sigbrúður Jónsdóttir